

Fiskeldi Austfjarða hf.
Vörðu 1
765 Djúpivogur

Reykjavík, 5. október 2023
UST202309-211/H.G.
08.12.01

Handhafabreyting á starfsleyfi – Rifós Lón

Vísað er til umsóknar rekstraraðilans Fiskeldi Austfjarða hf., kt. 5204120930 og handhafa starfsleyfis Rifós hf., kt. 500692-2869, sem barst stofnuninni þann 20.9.2023, þar sem óskað er eftir því að færa starfsleyfi Rifós hf. yfir á Fiskeldi Austfjarða. Rifós er með starfsleyfi fyrir til að framleiða árlega samanlagt allt að 1000 tonn af laxi og bleikju, þar af allt að 600 tonn af laxi, á ári í sjókvíum í Innra-Lóninu í Kelduhverfi. Einnig er heimilt að reka á staðnum seiðaeldi og slátturhús til eigin nota á eldisstað.

Umhverfisstofnun hefur tekið ákvörðun um færslu starfsleyfisins, sem er breyting á starfsleyfi, sbr. 14. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ekki er um að ræða breytingar á starfsleyfisskilyrðum. Með þessari ákvörðun færast réttindi og skyldur varðandi starfsleyfið yfir til Fiskeldi Austfjarða hf.

Gjald vegna færslu starfsleyfisins verður innheimt hjá handhafa starfsleyfis, skv. 4. mgr. 4. gr. gjaldskrár stofnunarinnar nr. 206/2023.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um færslu starfsleyfisins er kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá dagssetningu þessa bréfs, skv. 65. gr. laga nr. 7/1998, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Virðingarfyllst,

Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Hlín Gísladóttir
lögfræðingur